

Æskulýðsstarf hjá Hestamannafélaginu Létti



Kátir krakkar á barnadegi Léttis árið 1973.

Framan af var barna- og unglíngastarf innan félagins ekki með reglulegum hætti en á aðalfundi 1989 var skipað unglíngaráð, sem falið var að skipuleggja þennan þátt félagsstarfsins. Stofnuð var unglíngadeild fyrir aldurshópin 5 – 16 ára og reynt að finna sem flesta fleti á starfinu svo krakkar á öllum aldri myndu eitthvað við sitt hæfi. Á þeim tíma var óvída komið unglíngastarf hjá öðrum hestamannafélögum og fátt sem hægt var að hafa til hliðsjónar í þeim efnum.

Reiðnámskeið hafa síðan verið fastir liðir í starfinu, bæði á sumrin og á veturna. Í boði eru bæði námskeið fyrir byrjendur og svo námskeið fyrir krakka sem hafa einhverja reynslu en þá er farið í flóknari þætti, s.s. um reglur á mótum.



Knapar framtíðarinnar. Mynd frá reiðnámskeiði í júní 1999.

Unglingadeildin hefur oft staðið fyrir ferðalögum, bæði reiðtúrum með grillveislum og rútuferðum s.s. í Laufskálarétt.

Fyrsta mótið sem unglingadeildin stóð fyrir var haldið 11. júní 1989 og þótti takast mjög vel. Mun það hafa verið í fyrsta skipti sem sérstakt mót var haldið fyrir unglunga en myndband frá því móti var notað við kynningar á unglingastarfi hjá hestamannafélögum víðsvegar um landið.

Sýningar hafa líka verið snar þáttur í starfsemi unglingadeildarinnar enda hafa þær þann kost að nær allir krakkar geta tekið þátt í þeim, hvar svo sem þau eru stödd í reiðlistinni.

Loks er það félagshestið Fjöðrin en húsið var keypt árið 1990 með það að markmiði að börn og unglingar gætu haft þar hesta ef þau ættu ekki kost á plássi annars staðar. Áhugasamir krakkar gátu fengið hest að láni en krakkarnir skiptu á milli sín hirðingu hrossanna, undir eftirliti húsvarðar. Núna hefur þessi þáttur unglingastarfsins fallið niður og húsið verið selt.

Heimild

- F-128/93. Hestamannafélagið Léttir. Guðrún Hallgrímsdóttir: Æskulýðsstarf hjá Létti.

[Hér má sjá gögn í skjalaskrá Héraðsskjalasafnsins á Akureyri um efnið.](#)